

Nd.

### 13. Frumvarp til laga

[12. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

#### 1. gr.

##### Inntaka og skrásetning nemenda.

4. gr. orðist svo:

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, og menntamálaráðuneytið fellst á það.
2. Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan embættisprófi. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar.
3. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslensku og fleiri greinum.
4. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu nemenda, og eru þeir einir taldir nemendur skólans, er hafa skráð sig til náms. Skrásetningargjöld skulu háð samþykki skólaráðs og menntamálaráðherra.
5. Ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu má setja í reglugerð. Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem skólaráð ákveður.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.

#### 2. gr.

6. gr. orðist þannig:

Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

- I. Uppeldisgreinar, 4 hlutir.
- II. Námsgreinar grunnskóla.
  - a) Kjarni, 4 hlutir.
  - b) Valgreinar, 4 hlutir.

Nemendur velji 2 bóklegar greinar eða eina list- og verkgrein.

Skólaráð getur heimilað nemendum að auka við sig námi í valgrein.

- III. Verklegt nám, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur hið minnsta. Saman skal fara, eftir því sem við verður komið, samstillt og hnitmiðað nám í námsgreinum grunnskólans og uppeldisgreinum, einkum kennslufræði. Verklega námið fer fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum og stofnunum, eftir því sem þörf krefur.
- IV. Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er unnt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annar- eða vetrarlangt.

#### 3. gr.

Aftan við 12. gr. komi ný málsgrein:

Heimilt er að flytja lektor úr lektorstöðu í dósentstöðu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

#### 4. gr.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Peim, sem innritast hafa í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara, er heimilt að velja hvort þeir stunda nám samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1971 eða ákvæðum þessara laga.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir 102. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Í 25. gr. l. nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands er gert ráð fyrir því að lögín verði endurskoðuð eigi síðar en tveim árum frá gildistöku þeirra.

Í samræmi við þetta ákvæði laganna var í nóvembermánuði 1972 skipuð nefnd til að annast þessa endurskoðun. Nefndin skilaði álití í júní 1976. Frumvarp það sem nefndin samdi var lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77, en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið var að nýju lagt fyrir Alþingi árið eftir (1977—78) með nokkrum breytingum sem m. a. voru gerðar með hliðsjón af athugasemdum sem borist höfðu frá aðilum sem menntamálaráðuneytið hafði sent frv. til umsagnar milli þinga. Frv. hlaut ekki afgreiðslu á þinginu 1977—78.

Eins og gefur að skilja hafa komið fram á gildistíma laganna ýmis atriði sem kalla á breytingu og er ekki að undra slíkt svo mjög sem farið var inn á nýjar brautir í kennaramenntunarmálum þjóðarinnar með setningu þeirra.

Skólastjórn KHÍ samþykkti á fundi sínum 5. mars s. l. nokkrar breytingartillögur við lögín sem óskað var eftir að fluttar yrðu á Alþingi svo fljótt að unnt reyndist að afgreiða þær á þessu þingi.

Hér eru aðeins tekin fyrir örfá knýjandi atriði sem breyta þarf til samræmis við ákvæði í nýrri lögum (lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra) eða eðlilegt er að breyta vegna hliðstæðu í öðrum lögum (lögum Háskóla Íslands). Aðeins eru tekin fyrir atriði sem ætla má að ekki valdi deilum og líkur séu því til að eigi sámilega greiða leið gegnum þingið.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til eru fáar og snerta lítið meginkjarna laga um aðalmenntastofnun kennara og draga á engan hátt úr þörf á heildarendurskoðun laga um KHÍ.

#### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

##### Um 1. gr.

Lagt er til að 1. tl. 4. gr. standi óbreyttur.

Eðlilegt er að fella niður setninguna „þegar hann hefur tekið til starfa að fullu“ í 2. tl. sem orðin er úrelt.

##### 3. tl. er óbreyttur.

Inn komi nýr tl. 4 sem gerir ráð fyrir heimild til að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skráningu nemenda og greiðslu skrásetningargjalda. Ákvæði þessi eru í samræmi við lög um Háskóla Íslands (21. gr.). Rök fyrir breytingu þessari eru tvíþætt, annars vegar vilji skólans til aðhalds fyrir nemendum og ósk um að ljóst liggi fyrir hverjir raunverulega séu við nám og hins vegar óskir nemendaráðs að því sé búinn áþekkur fjárhagslegur grundvöllur fyrir starfi sínu og gert er í Háskóla Íslands.

Töluliður 5 komi í stað tl. 4 í gildandi lögum, en sá liður miðast um of við hefðir frá Kennaraskólanum þar sem gengið var út frá því að allir nemendum skólans færu árlega í skoðun hjá skólalækni. Hér er gert ráð fyrir að ákvæði um heilbrigðis-skilyrði við skrásetningu séu sett í reglugerð en jafnframt sé skrásettum nemendum skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir ákvörðun skólaráðs.

Við niðurlagsákvæði greinarinnar um að inntaka nemenda í skólann sé í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar bætist heimildarákvæði um að setja megi í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.

Hér er um þýðingarmikið atriði að ræða, ekki síst í sambandi við val í list- og verkgreinum en óhjákvæmilegt er að setja þar vissar forkröfur m. a. vegna breytinga sem gerðar kunna að vera á umfangi greinarinnar í kennaranámi (sbr. breytingartilögur við 6. grein.).

#### Um 2. gr.

Óskað er eftir breytingum á liðum I. og II. í 6. gr. og efnislega aðeins á lið II, Nám handavinnukennara. Breytingin er gerð til samræmis við ákvæði í 2. og 11. gr. d í lögum nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Lagt er til að fyrirsagnirnar í I. og II: **Almennt kennaranám og Nám handavinnukennara** falli niður enda gert ráð fyrir að aðeins verði um að ræða eina tegund kennaranáms sem aðeins sé breytilegt hvað snertir valgreinar og uppeldislegt sérsvið, þar sem þó sé það frávik að hverri list- og verkgrein sé ætlaður tími sem tveim bóklegum greinum.

Með þessari breytingu er fullnægt þeim ákvæðum laga um embættisgengi kennara og skólastjóra að kennarar hafi lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum sem jafngildi 30 námseiningum (2. gr.) og jafnframt því að kennarar í list- og verkgreinum sem nám stunda við KHÍ fullnægi ákvæðum 11. gr. d og e í sömu lögum um eigi færri en 30 einingar í sérgrein.

Þá er lagt til að orðalagi í III. tl. sé breytt til samræmis við II. tl. að í stað „hnitmiðað nám í skyldunámsgreinum og uppeldisgreinum“ komi „hnitmiðað nám í námsgreinum grunnskólans og uppeldisgreinum“.

#### Um 3. gr.

Þetta ákvæði er samhljóða síðasta málslið í 11. gr. laga 77/1979, um Háskóla Íslands, og því sett í samræmingarskyni bæði sem réttlætismál fyrir kennara Kennaraháskóla Íslands sem að öðru leyti hafa jafnstöðu við kennara Háskóla Íslands og jafnframt til að tryggja Kennaraháskólanum betri samkeppnisaðstöðu um kennara.

Rétt er að vekja athygli á að þetta ákvæði snertir ekkert það ákvæði 11. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands að skipa skuli „allt að níu dósenta“.

#### Um 4. gr.

Parfnast ekki skýringar.“